



## Kynningarrit vegna hjólréiðaleiðangurs frá Íslandi til Kína

*Í mars 2012 ætla ég að leggja af stað í hjólréiðaleiðangur frá Íslandi til Kína þetta rit er ætlað sem kynning á ferðinni.*

Tilgangur kynningarritsins er meðal annars að gera ferðina eftirsóknarverða og léttu mér byrðina í þeirri von að þeir aðilar sem ég mun leita til vilji taka þátt í ferðinni á þann máta sem þeir kunna best og hafa bolmagn til.

-Ég hefði mjög gaman af því ef ferðin mun vekja athygli og vera öðrum í svipuðum hugleiðingum hvatning.


-Ef hægt er að nýta ferðina til að leggja öðrum lið, til dæmis með fjársöfnun fyrir líknarfög væri ég rosalega ánægður með það.

-Eins og staðan er á þessari stundu er ég að öllu leiti að standa straum af kostnaði við ferðina sjálfur og hef til þessa ekki leitað uppi neina styrktaraðila.

-Ég held úti vefsíðunni <http://fjallakall.wordpress.com/> og mun gera það á meðan á leiðangrinum stendur. Þessa daganna er ég að hressa aðeins upp á síðuna og vegna nokkra annmarka á þessari síðu gæti lén síðunnar breyst.

### 19.000KM. 20.LÖND. 11.MÁNÚÐIR

 Ísland, 
  Danmörk, 
  Þýskaland, 
  Pólland, 
  Téklend, 
  Slovakía, 
  Ungverjaland, 
  Króatía, 
  Serbía, 
  Rúmenía, 
  Búlgaría, 
  Grikland, 
  Tyrkland, 
  Iran, 
  Turkmenistan, 
  Uzbekistan, 
  Tajikistan, 
  Kyrgyztan, 
  Kasakstan, 
  Kína





Mynd/Berglind Aðalsteinsdóttir

## Hver er ég?

Ég heiti Símon Halldórsson og er 37 ára gamall Hafnirfirdingur. Vélstjóri og stálmannvirkjasmiður að mennt.

Ævintýramennska á breiðum grunni útivistar og ferðalaga hefur verið lífsstíllinn svo lengi sem ég man. Starfsferillinn verið við verklega vinnu; starfsmaður Hafnarfjarðarbæjar, stálsmiður, jarðlagning ljósleiðaralagna, öryggismál og sjúkraflutningsmaður vinnusvæða, virkjanaframkvæmdir á Grænlandi og nú síðast sem vélstjóri í Noregi.

Ég hef verið félagi í Björgunarsveit Hafnarfjarðar frá því að ég var 14 ára gamall og hefur björgunarsveitarstarf verið stór hluti af lífi mínu. Ég er stoltur af starfi mínu innan björgunarsveitarinnar og þar með lagt lið við samfélagsþjónustu Íslands. Þá hef ég verið félagi í Íslenska Alpklúbbnum til fjölda ára.

Reiðhjólíð hefur oft á tíðum verið mitt helsta farartæki í styttri og lengri ferðir. Meðal annarra ferða hjólaði ég sumarið 1994, þá 19 ára gamall, einsamall hringinn í kringum Ísland og í ágúst 2011 hjólaði ég í vinnuna frá Hafnarfirði til Ålesund í Noregi. Þá hef ég notað reiðhjól mikið til og frá vinnu og skóla.

Meðal stærri ferðalaga sem ég hef farið í var klifurleiðangur til Nepal ásamt 6 öðrum félögum mínum úr Björgunarsveit Fiskakletts (heitir nú Björgunarsveit Hafnarfjarðar) árið 1998. Klifum við fjallið Ama Dablam (6856m) fyrstir Íslendinga. Eins hef ég lagt í göngukíðaferðir þvert yfir Ísland og Vatnajökul og klifurferðir til frönsku alpanna, þar sem ég hef meðal þekktra fjalla farið á Mont Blanc (4809m). Auk þessa hef farið í bakpokaferðalög til Ástralíu og Tælands. Frekari upptalning á ferðum er á vefsíðunni.

## Tilkoma ferðarinnar

Hugmyndin að því að fara í langa ferð sem þessa er það gömul að ég get ekki fest dagsetningu á hvenær hún kviknaði. Fyrir fjórum árum fór ég þó að íhuga fyrir alvöru að slík ferð sem nú liggur fyrir yrði að veruleika. Ferðaplanið hefur mótast hægt og rólega. Það er um eitt og hálf ár síðan ég tók ákvörðunina um að þetta skyldi vera leiðin, setti í þyngri gir við skipulagningu og fór að safna upplýsingum og endurnýja búnað.

Það sem kom mér af stað var gigtarkast sem ég fékk fyrir rúmlega þremur árum. Eftir að hafa jafnað mig og komist að því að mér liði í raun vel við mikla hreyfingu fannst mér tímabært að drífa mig af stað og láta þennan gamla draum rætast.

Ég hugsa ferðina fyrst og fremst sem ævintýraferðalag, enn ekki keppnisatlögu að einu né neinu. Ég þekki sjálfan mig þokkalega vel í ferðagírnum, er þrjóskur og vanur að klára það sem ég tek mér fyrir hendur. Enn ég ætla þrátt fyrir það ekki að skammast mín ef ég sé nauðsyn þess að taka mér far einhvern hluta leiðarinnar eða jafnvel ef ég þarf að snúa algerlega frá leiðangrinum af einhverjum orsökum. Þá ætla ég að geta horft framan í alla þegar heim er komið og gera það með sæmd.

## Hjólaleiðinn

Leiðin er afsprengi af svokallaðri Silkileið, sem er í raun ekki eiginleg leið heldur er ferðalagið frá Kína til austanverðar Evrópu nefnt sem slíkt þar sem Evrópumenn keyptu silki og annan varning frá austanverðri Asíu sem fór um þetta leiðarkerfi allt frá því fyrir Krist.

Sú leið sem ég hef valið er mun lengri, eða rétt tæplega 19.000 kílómetrar og fer í gegnum 20 lönd og áætla ég að ferðalagið taki 10 til 12 mánuði. Til að þessi tímarammi geti gengið upp þarf ég að fara um það bil 57 kílómetra að meðaltali hvern dag. Það ætti að vera raunhæft takmark og í samræmi við það sem annað hjólreiðafólk hefur gert á svipaðri leið.

Í mjög stuttu máli er áætlunin að fara frá Hafnarfirði í mars og hjóla austur á Seyðisfjörð, taka Norrænu til Danmerkur og þreifa sig síðan suður Evrópu, í gegnum Tyrkland og Íran, þaðan í gegnum svokölluð Stan lönd og inn í Kína. Til vara hef ég sett upp fleiri áætlanir á leiðavali aðrar enn sýnt er á kortinu, t.d. að sleppa því að fara í gegnum Íran og Turkmenistan og fara í staðinn um Georgíu, og Azerbajjan, yfir Kaspiáhafið til Kasakstan.

Leiðinni er skipt upp í þrjá meginflokka. **Evrópa, Stan og Kína.**

Evrópa (mars – júní)

Evrópa ætti að verða aðgengilegasti partur leiðarinnar en jafnframt sá kostnaðarsamasti. Veðurfar mestapartinn skikkanlegt og samskipti við umheiminn tiltölulega þægileg. Það er þó vissara að fara varlega og það sem hræðir mig helst er þjófnaður og bílaumferð. Landslagið er fjölbreytt, enn er nánast allt gróíð land með tiltölulega litlum fjallgörðum inn á milli.

Stan löndin í mið Asíu (júlí – október)

Ég geri ráð fyrir að vera í Stan löndunum frá júní fram í október. Þetta er einn af þeim hlutum leiðarinnar sem verður spennandi og erfitt að fást við. Til dæmis eru góðar líkur á því að ekki verði alltaf hægt að hjóla um miðjan dag vegna hita. Og þarna er mikið af sandi. Í Tadjikstan er draumurinn að fylgja svokölluðum Pamir highway sem er við upptök vesturhluta Himalaja fjallgarðsins. Pamir Highway er um 1000 km. langur og næst hæsti ökuhæfi fjallvegur Jarðarinnar. Þar mun þunna loftið og slæmir vegir vera farartálmi. Eftir því sem ég hef kynnt mér eru Stan löndin og þá einkum Íran meðal allra gestrisnustu landa sem hægt er að komast í, þvert á það sem flestir kynnu að halda.

Kína (nóvember – febrúar)

Kína er svo víðfermt að það skiptist í nokkur menningarsvæði. Kínverskur matur er ekki bara kínverskur matur, siðir eru misjafnir eftir svæðum. Veðurfarslega séð kem ég til með að fylgja haustinu allt til syðsta hluta landsins, enn þetta verður kapphlaup við að vera á undan vetrinum. Það er hætt við að ég lendi á köldum dögum í norðurhluta Kína, rigningu í miðhlutanum og svo verður þetta vonandi bærillegt í suðurhlutanum.

### **Almennt um ferðina**

Eins og flestir gera sér í hugarlund eru mörg ljón á veginum í svona ferð enn með góðri skipulagningu og nærgætni er möguleiki að gera litlar sætar kisu úr nokkrum hluta ljónanna. Ég hef varið miklum tíma í að kynna mér hvernig annað reiðhjólafólk hefur farið að á svipuðum slóðum. Þó svo hjólreiðaleiðangur sem þessi séu lítið þektir meðal Íslendinga eru alltaf nokkrir einstaklingar eða hópar sem fara svipaða leið á hverju ári, þessir aðilar eru jafnvel í lauslegu sambandi í gegnum netheima og ferðast jafnvel saman hluta af leiðinni þegar slíkt hentar.

Ferðatilhögunin mín er svokallaður sjálfstæður ferðamáti. Það þýðir að meginreglan er sú að gista í tjaldi og elda á prímus til að halda uppi frjálssu flæði og draga úr kostnaði. Auðvitað er það ekki algilt og mun ég nýta mér heimagistingar og kaupa gistingu eftir þörfum. Tryggingaverndin er eitt málið í viðbót, Flestar venjubundnar tryggingar miðast mesta lagi við 3ja mánaða ferðalag. Þrátt fyrir það eru nokkur tryggingafélög sem bjóða upp á tryggingar fyrir svona ferðir. Aðalreglan er auðvitað sú að fara varlega, forðast óþarfa umferð og hættuleg svæði. Eins þarf að huga að bólusetningum og hafa gát á hvaða fæðis og drykkja er neytt.

Í Tyrklandi verð ég að stoppa í Ankara í að minnsta kosti 10 daga og höggva mig í gegnum frumskóg vegabréfsáritana í gegnum Stan löndin, Þessi frumskógur í eyðimerkurlöndunum setur ýmsar íþyngjandi skorður varðandi leiðarvalið og frjálssan tímaramma, þar sem ég verð að fara í sendiráð næstkomandi landa og sækja um vegabréfsáritanir. Þetta fyrirkomulag mun haldast allt þangað til ég er kominn inn í Kína. Vegna þess hve ferðin tekur langan tíma og ófyrirséð er með nákvæmar dagsetningar er ekki hægt að vinna þessa vinnu áður enn ég fer að nálgast viðkomandi lönd, enn vera búinn að hugsa aðgerðirnar út nokkrum vikum áður.

## Útbúnaðurinn

Það er langur listi af búnaði sem þarf að huga að í svona leiðangur. Það hefur verið trú mín og reynsla í gegnum tíðina að góður búnaður hjálpi mikið til við ferðaöryggið og auki ánægju ferðarinnar. Það helsta er auðvitað reiðhjólið sjálft. Það er svokallað Expedition Bike og keypti ég það beint af framleiðandanum í Bretlandi. Hjólið er hannað frá grunni fyrir ferðir sem þessa og sérsníðið að mínum óskum. Mikið er lagt upp úr áreiðanleika og þægindum. Hjólið er hlaðið burðartöskum í háum gæðaflokki, sem í verður allur nauðsynlegur búnaður, meðal annars rúmgott 2ja manna tjald þar sem ég get komið öllum búnaði fyrir innandyra. Ég mun vera með litla fartölvu meðferðis, myndavél, GPS tæki og farsíma. Ýtarlegri búnaðarlista verður hægt á nálgast á vefsíðu leiðangursins.

## Kostnaður

Þetta er spurning sem ég fæ alloft.. Kostnaður við leiðangur sem þennan er eins og gefur að skilja nokkur. Ég veit í raun ekki hver hann kemur nákvæmlega til með að vera, enn tilfinningin segir að kostnaður við ferðina sjálfa verði í kringum tvær til þrjár milljónir króna fyrir utan þann búnað sem ég á og hef verið að safna að mér fyrir ferðina. Kostnaðurinn mun fyrst og fremst vera fólgin í fæði, gistingu, viðhaldi, flugi, tryggingum og vegabréfsáritunum.

Ég er enn að safna ýmiskonar upplýsingum um leiðina og mun verða að því allt þangað til leiðangrinum líkur þó svo þetta kynningarrit ná ekki lengra.

Að endingu vil ég aftur minna á vefsíðuna <http://fjallakall.wordpress.com/>

Með kveðju,  
Monsi fjallakall  
[fjallakall@gmail.com](mailto:fjallakall@gmail.com)



Mynd/Sigurjóna Scheving